

Stígakerfi Akureyrar

Innsendar umsagnir og athugasemdir

Innkomnar umsagnir

Nafn	Umsögn	Tillaga að svari
Léttir	Meðfylgjandi er kort sem vísar í textann. Þar sem óskað er eftir að leiðir verði ekki blandaðar útivistarleiðum, ósk um nýjar leiðir að reiðhöll, við Liljulund og að Breiðholti og að ákveðnar leiðir verði ekki felldar út.	Liðir 1,3,8,10,11 og 12. Reiðstígar eru ekki blandaðir með útivistarstígum en liggja eftir sömu leiðum. Skipulagið gerir ráð fyrir aðskilnaði útivistarfólks og reiðmanna á stígum innan þéttbýlismarka. Bætt verður við texta í greinargerð um útfærslur stígamóta og tengingar með öryggi allra vegfarenda að leiðarljósi. Ónákvæmi í framsetningu á skipulagslínunum verður lagfærð á skýringarmyndum H og 31.1 í greinargerð. 2. Í skipulaginu er gert ráð fyrir reiðleið að reiðhöll meðfram Lögmanshlíðarvegi. 4. Ekki er fallist á að stofnleið liggja um Rangárvelli og meðfram Liljulundi því svæðið er að hluta iðnaðarsvæði með tilheyrandi umferð stórra ökutækja og annarra umsvifa sem ekki eru talin henta í nálægð við reiðstíga. 5. Reiðleið hefur færst ofar með nýrri brú yfir Glerárgil. 6. Reiðleiðin er á uppdrættinum, ónákvæmi í framsetningu á skýringarmyndum H og 31.1 í greinargerð verður lagfærð. 7. Aðalskipulagsbreytingin mun gilda út skipulagstímabilið sem er til ársins 2030 en í skipulaginu er skilgreind breytt lega reiðleiðar um Miðhúsaklappir. Jafnframt er gert ráð fyrir nýrri stofnleið ofan við hesthúsahverfið Breiðholt. 9. Ekki verður gert ráð fyrir reiðleið í nærumhverfi Naustaflóa meðal annars vegna fuglalífs. Svæðið um Naustaflóa hefur hverfisvernd og allt jarðrask og röskun á gróðurlandi er óheimil á svæðinu.
Vegagerðin	- Gerð er alvarleg athugasemd varðandi val á tvístefnustígum fram yfir einstefnustíga. - Mælt er með að leið um Aðalstræti fari frekar meðfram tjörninni - Mælt er með því að tala um leiðir frekar en stíga. - Bent er á flokkun hjólaleiða í hönnunarleiðbeiningum: stofnleið, tengileið, aðrar leiðir. - Bent er á fjarðlæggðar viðmið frá götu að stígum samkvæmt hönnunarleiðbeiningum. - Ekkert er minnst á hjólareinar í greinargerð.	- Í greinargerð stígaskipulagsins eru færð ítarleg rök fyrir vali á tvístefnustígum í stað einstefnustíga á stofnleiðum. Þess má geta að stígaskipulagið gerir einnig ráð fyrir notkun einstefnustíga þar sem aðstæður kalla á slíkt. Sjá m.a. bls 54-55. Þess má geta að núverandi stígakerfi á Akureyri er byggt upp sem blandað tvístefnunet göngu- og hjólastíga. - Sú leið var skoðuð en fallið frá henni á þeim rökum að skipulagið leggur áherslu á að stofnleiðir liggja með rökréttum og öruggum

	7. Bent er á leiðbeiningar varðandi þverhalla á stígum. 8. Mælt er með aðskilnaði á stígum með mismunandi efni ásamt málaðri línu. 9. Bent er á leiðbeiningar varðandi girðingar við stíga. 10. Á gildandi skipulagi liggur útivistarleið meðfram Miðhúsabraut og Súluvegi en útivistarslóði í tillögunni. Rétt er að halda leiðinni sem stíg frekar en slóða vegna mikillar umferðar fólks upp í Breiðholt, Súlur og á Glerárdal.	hætti milli helstu áfangastaða, þ.á.m. sem næst íbúðarsvæðum, verslunum og stofnunum. Stígur meðfram tjörninni er skilgreindur sem útivistarstígur og hefur því annað hlutverk en stofnstígur. 3. Það er vel til fundið að gera skýran mun á stígum og leiðum. Í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar er leitast við að skilgreina einingar kerfisins sem stíga en þegar rætt er um umferðarnetið í stóru samhengi er talað um leiðir. 4. Flest sveitarfélög skilgreina stígakerfið sem stíga en ekki leiðir. Reykjavíkurborg skilgreinir t.d. sem aðalstíga og tengistíga. Í hönnunarleiðbeiningum fyrir hjólræiðar segir: „<i>Hjólastígar eru flokkaðir í stofnstíga, tengistíga og aðra stíga</i>“. 5. Þau hönnunarviðmið sem koma fram í stígaskipulagi Akureyrar eru að mestu leyti byggð á hönnunarleiðbeiningum SSH og Vegagerðarinnar sem gefnar eru út með fyrirvara um frekari breytingar og uppfærslur. Texti um fjarlægð frá götu í kafla um stofnstíga verður uppfærður. 6. Á bls. 53 í greinargerðinni segir „<i>Hjólavísar og hjólareinar eru einnig algengar útfærslur en merkingar á malbiki henta síður á götum Akureyrar yfir vetrartímann</i>“. Stígaskipulagið gerir ráð fyrir notendum af öllum aldurshópum og mismunandi getustigi og því er ekki gert ráð fyrir að byggja upp hjólaleiðir fyrir almenning á umferðargötum. Hins vegar verður bætt við texta í greinargerð að möguleiki sé á að útbúa hjólareinar á ákveðnum götum þar sem umferð er hæg eða lítil eða sem tímabundna lausn þar til búið er að framkvæma nýja stíga. Íbúum er frjálst að hjóla á götunum með öðrum ökutækjum án þess að byggja þurfi upp kerfi sérstakra hjólareina, hjólaboxa, eða hjólavísa. Barn yngra en níu ára má þó ekki hjóla á akbraut nema undir leiðsögn og eftirliti manns sem náð hefur 15 ára aldri. Í leiðbeiningum Samgöngustofu segir m.a. að „<i>Hjólandi vegfarendur hafa fullan rétt á því að vera á akbrautum. Ekki er þó mælt með því að hjólað sé á akbrautum með mikilli og hraðri umferð</i>“. (samgongustofa.is/umferd/fraedsla-og-oryggi/fraedsla/reidhjol/). 7. Viðmið um þverhalla verður uppfærður frá því að vera a.m.k. 2.5% í að vera ekki meira en 2.5-3%. 8. Á bls 26 og víðar í greinargerðinni er rætt um aðskilnað á stígum. Þar segir m.a. „<i>Hjólastígar</i>
--	--	--

		er aðgreindur frá gönguleið með að minnsta kosti 10 cm breiðri málaðri línu með veggriffum.“ 9. Á bls. 29 segir, „Gæta þarf þess að stígarnir og umhverfi þeirra valdi ekki gangandi og hjólandi vegfarendum hættu til dæmis ef hjólréiðamaður missir stjórn á hjólinu sínu og hjólar út af stígnum. Dæmi um hættur er hæðarmunur meiri en 1,5 metrar og meiri bratti en 1:2, veggir, girðingar og aðrar hindranir. Nálægð við bílaumferð, vatn dýpra en 0,5 m, götugögn, staura, tré og byggingar getur einnig valdið hættu. Æskilegt er að fjarlægja það sem veldur mögulegri hættu við stígana eða að öðrum kosti setja upp vegrið eða girðingu til varnar með þeim formerkjum þó að slíkt valdi ekki meiri hættu. Girðing ætti að vera 0,5-1 m ofar yfirborði stígs og eins langt frá honum og hægt er að koma við.“ Á bls. 25 segir „Frá köntum stígs skal vera 0,5 m frítt svæði þar sem ekki má staðsetja gróður, staura, skilti, ruslabiður eða önnur götugögn“. 1. Þakkað er fyrir ábendinguna og það verður tekið til skoðunar.
Minjastofnun	1. Minnir á að þar sem á gera nýja stíga með tilheyrandi jarðraski þarf að skoða stöðu skráningar í samvinnu við Minjavörð. Vakin er athygli á reiðleið sem nálægt Dómhringnum sem eru friðlýstu fornleifarnar í landi Akureyrarbæjar.	Þakkað er fyrir ábendinguna og það verður tekið til skoðunar.
UFA	1. Spyr hvort leiðin yfir Leirurnar verði eingöngu reiðstígur. 2. Bendir á að þetta svæði sé mikið notað af göngu- og hlaupafólki og sé nær eini flati malarstígurinn. 3. Tengir saman útivistarsvæði vestan og austan fjarðar. 4. Hvaða rök eru fyrir því að loka á hluta þeirrar umferðar sem hefur verið leyfð á leiðinni?	1-4 Leiðin yfir leirurnar eru skilgreind bæði sem útivistar- og reiðleið. Skipulagið gerir ráð fyrir aðskilnaði útivistarfólks og reiðmanna á stígum innan þéttbýlismarka.
Frístundaráð	1. Ráðið tekur undir þau markmið að auka hlutfall hjólandi og gangandi. 2. Gerð er athugasemd við að ekki séu sýndar útivistarleiðir á breyttu skipulagi heldur aðeins á mynd á bls. 31. Gæti verið villandi fyrir almenning. Dæmi um gömlu brýrnar og um golfvöllinn og hvort ekki mætti skilgreina leiðina yfir gömlu brýrnar sem stíg frekar en slóða.	1. Þakkað er fyrir ábendinguna. 2. Munur á milli útivistarstíga og útivistarslóða getur verið mjög lítill. Markmið skipulagsins er þó að gera grein fyrir helstu og fjölförnustu útivistarleiðunum á aðalskipulagsupprætti Akureyrarbæjar. Erfitt er að horfa framhjá öðrum útivistarleiðum og því eru þær sýndar og skilgreindar sem slóðir á bls. 31. Gert er ráð fyrir að á skipulagstímabilinu taki þessar leiðir breytingum eftir þeim áherslum sem bærinn setur fyrir uppbyggingu einstakra útivistarsvæða. Ábending um að skilgreina leiðina um gömlu brýrnar og um golfvöllinn

		sem stíga frekar en slóðir verða teknar til skoðunar.
HFA	- Óskar eftir því að Akureyrarbær starfi með nágrannasveitarfélögum og leggi áherslu á mikilvægi hjólræðastíga helst tegund C. - Mikilvægt er á stígum af tegund A og B séu sjónlínur langar og gróður byrgi ekki sýn. - Rafhjólum fjölga ört og ásamt skilgreiningum á útivistar- og reiðleiðum og telur eðlilegt að fjallahjólaleiðir verði sérstaklega skilgreindar þar sem hjólandi hafi forgang. - Eigi samgönguhjólræðar að vera raunhæfur kostur er mikilvægt að leiðir séu greiðfærar og hægt sé að halda uppi raunhæfum meðalhraða. - Hfa myndi vilja fá kynningarfund varðandi skipulagið.	- Tekið er undir ábendinguna varðandi samstarf við nágrannasveitarfélög. Stígaskipulagið er m.a. byggt á aðalskipulagi þeirra og stefnu í stígamálum. Gert er ráð fyrir sterkri tengingu við þau með vel uppbyggðum stofnstígum. - Tekið undir þau sjónarmið og á bls. 53 í greinargerð kemur m.a. fram að við hönnun hjólastíga þarf að taka mið af sjónlínunum. - Leitast var við að hafa skilgreiningar á stígakerfinu sem einfaldastar og ákveðið var að setja ekki inn á skipulagsupprætti t.d. gönguskíða- eða fjallahjólaleiðir þar sem um afmarkaðar leiðir er að ræða en ekki net stíga. Þó getur verið rétt að endurskoða þessa ákvörðun síðar eftir því sem kerfið byggist upp. Á bls. 15 í greinargerð skipulagsins segir „Við útivistarsvæðin eru fjallahjólabrautir en hvorki þær né skíðabrautir eru flokkaðar sem útivistarstígar.“ Á bls 41 segir „Grimsey þykir henta vel fyrir ferðir á fjallahjólum þar sem landslagið er þægilegt yfirferðar og með fjölmargar slóðir, stíga og vegi.“ - Stígakerfi Akureyrar er skipulagt með því markmiði að stofn- og tengileiðir séu greiðfærar allt árið og myndi samfelld, skilvirkt og öruggt stígakerfi sem er raunhæfur og aðgengilegur valkostur fyrir íbúa á öllum aldri. - Það verður tekið til skoðunar fyrir auglýsingaferli tillögunnar. Í ljósi aðstæðna var tillagan ekki kynnt á sérstökum kynningarfundum heldur á heimasíðu og samfélagsmiðlum Akureyrarbæjar þann 29. apríl 2020 þar sem skipulagsgögn voru aðgengileg. Íbúum og hagsmunaaðilum gafst tækifæri til að senda inn spurningar til skipulagssviðs til 20. maí. Kynningin var í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Eftir frekari skipulagsmeðferð og umræðu hjá bæjarstjórn verður tillagan auglýst að nýju í sex vikur í samræmi við skipulagslög og þá gefst íbúum og hagsmunaaðilum tækifæri til að skila inn athugasemdum.

Innkomnar athugasemdir

Nr.	Athugasemd	Tillaga að svari
1.	- Huga þarf að tengingu reiðstígakerfisins við beitarhólf í eigu Akureyrar. - Ábending varðandi lýsingu reiðleiða. - Hvergi er leyfilegt að vera með laus hross nema á Akureyri. Mætti leyfa laus hross á ákveðnum tímum.	- Þakkað er fyrir ábendinguna og það verður tekið til skoðunar. 3 Samkvæmt leiðbeiningarriti Vegagerðarinnar og Landssambands hestamannafélaga er öll hestaumferð leyfð á stofnleiðum milli sveitarfélaga, allt frá einstaklingsumferð upp í stóra hópa með rekstur lausra hrossa. Á þéttbýlisleiðum í næsta nágrenni við þéttbýli, þar sem búast má við mikilli hestaumferð og á milli hesthúsahverfa er rekstur lausra hrossa bannaður. Þessi mál verða skoðuð betur síðar. Texti í greinargerð verður uppfærður um bætt öryggi við stígamót útivistarstíga og reiðstíga m.a. með skiltum og öðrum útfærslum.
2.	- Mynd H á bls. 17 er ekki í samræmi við sérkort svo sem stígur yfir Leirur, tengileið frá Súluvegi í Naustaborgir. - Syðsta hlutann vantar á kort 31.1. - Merkja vel stefnur á stígum svo fólk noti hægri regluna. - Rök fyrir stofnstíg gegnum Aðalstræti og Brekkugötu mynd 31.2 ekki sett rétt fram. - Breyting vekur upp þær spurningar hvort færsla stofnstígs torveldi ekki snjómokstur og eins er ný leið erfiðari á hjóli vegna fleiri gatnamóta, þrenginga í Aðalstræi o.fl. - Lega stofnstígs norðan Strandgötu í stað sunnan vekur athygli. - Þar sem mikil blöndum er mætti bæta með td. merkingum og kortum svo sem í Naustaborgum. Sjá mynd 3. - Tryggja þarf gott aðgengi að skólum og stofnunum. Sjá mynd 4. - Á nokkrum stöðum eru reið- og útivistarstígar teiknaði samhliða, á að leggja nýjan stíg samhliða? Sjá mynd 5. - Stíga milli Fálkafells og Gamla og frá Fálkafelli niður á Súluplan eru ekki merktir inn. Sjá mynd 6. - Vantar tengingu milli Hlíðarfjalls og Glerárdals – sjá mynd 7. - Mikilvæg tenging – sjá mynd 9.	- Þakkað er fyrir ábendinguna. Mynd H á bls. 17 verður uppfærð í samræmi við sérkort. - Mynd 31.1 flæðir yfir tvær blaðsíður 18-19. Syðsti hluti kortsins er á bls 18. Uppsetning verður lagfærð þannig að kortið verði á einni blaðsíðu. - Stofnstígar af A gerð hafa blandaða umferð og á þeim gildir almenn hægri umferð og gagnkvæm tillitsemi. Tekið verður til skoðunar að merkja stíga með leiðbeinandi örvum eða skiltum til að undirstrika hægri umferð. Samkvæmt umferðarlögum eru gangandi vegfarendur þó ætíð í rétti á blönduðum stígum og hjólreiðamenn þurfa að sýna fulla tillitssemi. Umferð á stígum er í samræmi við reglur umferðarlaga. - Stofnleiðin sem liggur frá norðri til suðurs í gegnum Akureyri er hryggjarstykkið í stofnstígakerfinu og tengir saman hverfi og nærliggjandi sveitarfélög og liggur jafnframt um helstu athafna-, verslunar- og þjónustusvæði bæjarins. Ekki er gert ráð fyrir að stofnleiðin liggi um Brekkugötu en hluti leiðarinnar liggur um fyrirhugaða byggð þar sem nú er Akureyrarvöllur. - Stofnstígur um Aðalstræti kallar á hönnun götunar þar sem stígnum yrði komið fyrir í sem mestri sátt við aðra umferð. Á stöku stað í bæjarlandinu getur þurft að hafa stígana mjórri en 2.5 metrar en slík nálgun er mjög algeng í gömlum hverfum og þröngum götum. Margir hjólreiðamenn kjósa frekar að hjóla eftir Aðalstræti og Hafnarstræti í skjóli fyrir vindum. Meðfram Drottningarbraut er gert ráð fyrir útivistarstíg. Ekki er gert ráð fyrir að stofnstígurinn þveri mörg gatnamót á þessu svæði. Stígakerfi Akureyrar er skipulagt með því markmiði að stofn- og tengileiðir verði greiðfærar allt árið. Færsla stofnstígs er ekki talin líkleg í að torvelda snjómokstur. - Stofnstígur norðan Strandgötu er talin tengja betur saman stofnstígakerfið þannig að ekki þurfi að þvera

		Strandgötu eða Hjalteyrargötu. Þá gæti t.d. göngustígur leiðarinnar verið við húsaröðina en hjólastígurinn nær götu eða bílastæðum. Stígurinn sunnan Strandgötu verður þá skilgreindur sem útivistarstígur og tengist síðan áfram útivistarstíg meðfram strandlengju bæjarins. Sá útivistarstígur verður byggður upp með svipuðum hætti og stofn- og tengistígar. 7. Í samræmi við ábendingu verður bætt við texta á bls. 56-59 sem fjallar um merkingar stíga og áningastaði. 8. Tekið er undir ábendinguna enda eitt af mikilvægustu markmiðum skipulagsins. Stofnstígar liggja um helstu þjónustukjarna og skóla og er ætlað að tengja saman hverfi og sveitarfélög. Breiðir og upplýstir stígar með reglubundna þjónustu eru mikilvægir fyrir gott aðgengi skólabarna frá heimili að skóla. Stígakerfið byggist upp í möskvaneti sem tryggir skilvirkar leiðir milli staða en möskvastærð stofnstíga er um 500-750 metrar og innan þeirra eru tengistígar og almennir stígar. Stofnstígar eru því ávallt í næsta nágrenni við stofnanir og skóla en tengistígar mynda þétt net stíga sem tengja íbúðahverfin við stofnstígana. Tengistígar fá forgang í vetrarþjónustu næst á eftir stofnstígum. Á bls. 20 segir að: „<i>Tengistígar eru á margan hátt sambærilegir stofnstígum varðandi uppbyggingu og viðhald en á þeim má gera ráð fyrir mikilli blöndun umferðar og töluverðum fjölda barna á hjólum á leið til skóla.</i>“ Bls. 60: „<i>Tengistígar eru næst á eftir stofnstígum í forgangi. Þetta á sérstaklega við um helstu göngu- og hjólaleiðir sem liggja að skólum, leikskólum, fjölbýlishúsum, biðstöðvum strætisvagna, um miðbæjarsvæðið og að helstu þjónustustofnunum, svo sem öldrunarheimilum.</i>“ 9. Gert er ráð fyrir aðskildum stígum eftir samliggjandi leiðum. Einn fyrir reiðleiðina og annar fyrir útivistarfólk. Skipulagið gerir ráð fyrir algjörum aðskilnaði útivistarfólks og reiðmanna innan þéttbýlismarkanna. 10. Tekið er undir ábendinguna en stígurinn er utan þéttbýlismarka og þessi aðalskipulagsbreytingin á einungis við um þéttbýlisuppdrátt Akureyrar auk Hríseyjar og Grímseyjar. Rétt er þó að sýna þessa mikilvægu útivistarleið á sérkortum sem verða væntanlega unnin í framhaldi af skipulaginu. 11. Á umræddri leið eru aðskildir útivistar- og reiðstígar. 12. Stofnstígurinn frá Kjarnaskógi að íbúðarbyggð tengist öðrum stofn- og tengistígum í þéttbýlinu og þar með verður til leið frá Kjarnaskógi að sundlaug Akureyrar. Sjálfsagt er að bæta þessu atriði við í texta á bls. 69.
3.	1. Bæta mætti svæðið í Naustaborgum með merkingum og yfirborðsefni á stígum	1. Á nokkrum stöðum í greinargerðinni er fjallað um atriði sem tengjast þessari ábendingu og gott er að

2. Bæta mætti tengingar milli Lundarhverfis, Glérarhverfis og Síðuhverfis og einnig alveg frá Krossanesborgum að Kjarnaskógi. 3. Huga mætti að tengingum frá Glerárstíflu að Sandgerðisbót sem og áningarstöðum. 4. Efasemd um útivistarstíg frá Jötunfelli til norðurs vegna landhalla ofl. 5. Gera mætti samfelldan stíg meðfram hitaveitulögninni frá Miðhúsabraut inn í Eyjafjörð eða Kjarnaskóg. 6. Æskilegt væri að færa stíginn sem liggur meðfram Hlíðarbraut nær Glerá vegna mikillar umferðar. 7. Gera mætti útivistarstíg á Háskólasvæðinu. 8. Setja mætti stíg sunnanmegin við Hörgárbraut í stað norðanmegin. 9. Áríðandi framkvæmdir: göngustígur meðfram Miðhúsabraut vestan við kirkjugarð og framlenging á göngustíg meðfram Þingvallastræti. 10. Athugasemd gerð við málaða Hólmasteina – sjá myndir.	skoða þessi atriði nánar fyrir auglýsingu tillögunnar. Á bls. 58 í skipulaginu er fjallað um áningarstaði á útivistarsvæðum en gera skal ráð fyrir þeim á um 500 m fresti: „<i>Lágmarksbúnaður þar eru bekkir af ýmsu tagi, t.d. lautarbekkir eða aðrir náttúrulegir hlutir sem hægt er að nota til að setjast niður, s.s. stórt grjót og trjádrumbar. Þar skal einnig gera ráð fyrir upplýsingaskiltum, æfingatækjum og öðrum búnaði eftir atvikum.</i>“ Á bls. 30 er fjallað um uppbyggingu útivistarstíga: „<i>Breidd megin útivistarstíga er á bilinu 1,5-3 metrar en yfirborðsefni þeirra veltur á því hversu mikið stígarnir eru notaðir eða umhverfi þeirra. Dæmi um yfirborðsefni eru malbik, mól, timburklæðning og trjákur.</i>“ Bls. 15: „<i>Líkt og önnur umferðarmannvirki kalla stígar á reglubundið viðhald og þjónustu.</i>“ 2. Stofnleið mun liggja eftir Kjarnagötu að Borgarbraut. Þaðan er útivistarstígur yfir gömlu brúnnu við Lönguhlíð. Frá Höfðahlíð verður vel uppbyggður tengistígur sem liggur að Hörgárbraut og undir hana og áfram að Krossanesbraut þar sem tekur við stofnstígur að Krossanesborgum. Einnig er hægt að fara um útivistarstíg á opnu svæði frá Krossanesbraut að Óðinsnesi. Í skipulaginu er því gert ráð fyrir tengingu í gegnum þéttbýlið milli Krossanesborga og Kjarnaskógs. Jafnframt er gert ráð fyrir að Krossanesborgir og Kjarnaskógur tengist hringleið útivistarstíga um bæjarlandið. 3. Gert er ráð fyrir útivistarstíg frá Glerárstíflu að Sandgerðisbót og þaðan að Krossanesbraut við Jötunfell. Varðandi áningarstaði er vísað í lið 1 og bls. 58-59 í greinargerð. 4. Á þéttbýlisuppdrætti er sýnd leiðbeinandi lega stíga. Nákvæm staðsetning og útfærsla ákvarðast nánar við deiliskipulagsgerð eða í verkhönnun. 5. Frá stofnstíg á Miðhúsabraut er gert ráð fyrir tengingu við útivistarstíg sem liggur meðfram hitaveitulögninni að Eyjafjarðarbraut á móts við Flugsafn Íslands. Þaðan liggur stofnstígur suður í átt að Hrafnagili. 6. Gert er ráð fyrir stofnstíg með góðri vetrarþjónustu meðfram Hlíðarbraut og vel uppbyggðum útivistarstíg nær Glerá ásamt öðrum útivistarslóðum. Á bls. 28 í greinargerð skipulagsins er sett fram skýringarmynd hvernig æskilegt er að skilja megi stíga frá umferðarpungum götum. Nánari grein er gerð fyrir þessu atriði á bls. 44-45. 7. Á háskólasvæðinu er gert ráð fyrir tengistígum og nýjum útivistarleiðum. Áður en að tillagan verður auglýst verður leiðin frá háskólasvæðinu að Þingvallastræti við Miðhúsabraut skoðuð nánar.
---	--

		8. Í stígaskipulaginu er gert ráð fyrir að stofnstígurinn muni liggja sunnan megin við Hörgárbraut en tengistígur staðsettur norðanmegin. 9. Gert er ráð fyrir stofnstígum í nærumhverfi kirkjugarðsins við Miðhúsabraut og Lækjargötu. Einnig er gert ráð fyrir stofnstíg meðfram Þingvallastræti. 10. Þakkað er fyrir ábendinguna.
4.	1. Greinargerð gæti verið grunnur af sérstakri áætlun fyrir Akureyri. 2. Gera þarf ferðavenjukönnun til þess að vita hvort þær breytist. 3. Skoða þarf hvort að það eigi að taka fram að hönnunarleiðbeiningum SSH verði fylgt. 4. Talið er tvístefnustígar séu taldir óöruggari en gætu hentað á Akureyri.	1-2 Tekið til athugunar. 3. Settur verður texti þess efnis að hönnunarleiðbeiningar SSH séu hafðar til hliðsjónar en þær eru gefnar út með fyrirvara um frekari breytingar og uppfærslur. Þau hönnunarviðmið sem koma fram í stígaskipulagi Akureyrar eru að mestu leyti byggð á fyrrnefndum hönnunarleiðbeiningum. Bls 20: „Stofnstígar fylgja í grófum dráttum legu stofn- og tengibrauta en mynda þó sitt eigið samgöngukerfi í þéttbýlinu með viðeigandi hönnunarviðmiðum“ 4. Ítarlega er fjallað um kosti og galla tvístefnustíga í greinargerð skipulagsins. Báðar tegundir stíga hafa sína kosti og galla en það byggir aðallega á hönnun og umhverfi stíganna hvort kerfið sé öruggara.
5.	1. Það vantar stofnleið milli Ráðhústorgs og háskólasvæðisins og stofnleið í norður-suður frá Kjarnagötu að Hörgárbraut. 2. Misræmi er á milli markmiða varðandi val leiða. 3. Bent er á að erfitt væri að bæta við hjólaleið um Aðalstræti. 4. Meðfylgjandi eru tillögur að breytingum (sjá skjal). 5. Bent er á ranga aðferðarfræði. 6. Athugasemdir varðandi bls 50-54.	1. Skipulagið gerir ráð fyrir stofnleið frá háskólasvæðinu niður Borgarbraut og þaðan frá Glerártorgi að Ráðhústorgi. Stofnleið mun liggja eftir Kjarnagötu að Borgarbraut. Þaðan er útivistarstígur yfir gömlu brúnna við Lönguhlíð. Frá Höfðahlíð verður vel uppbyggður tengistígur sem liggur að Hörgárbraut. Ekkert er því til fyrirstöðu að í framtíðinni muni þessi leið verða stofnleið en það mun kalla á þónokkrar framkvæmdir að byggja upp góða göngu- og hjólabrú yfir Gleránna á þessum stað. Lögð er meiri áhersla í skipulaginu að byggja fyrst upp nýja göngu- og hjólabrú yfir Gleránna frá Skarðshlíð yfir í Glerártorg. 2. Gangandi og hjólandi vegfarendur eiga rétt á öruggu og heilsusamlegu umhverfi. Í aðalskipulagsbreytingunni eru skilgreindir stofnstígar sem fylgja í grófum dráttum legu stofn- og tengibrauta og mynda sitt eigið samgöngukerfi í þéttbýlinu en stígana þarf að laga að aðstæðum og umferðarmagni á hverju svæði. Bls. 45: „Einn af rauðu þráðunum í aðalskipulagi Akureyrar er uppbygging á öruggum göngu- og hjólaleiðum fjarri mengun og hávaða. Þar sem stígar liggja nærri umferðarmiklum götum þarf því að athuga hvort hægt sé að færa þá fjærri akbrautunum og skapa þannig um leið svæði fyrir ofanvatnslausnir milli stígs og götu. Fylgjast skal vel með hljóðvist og loftgæðum við helstu umferðaræðar til að tryggja vellíðan notenda stíganna.“ Bls. 6: „Rými sem myndast á milli stofnstíga og götu getur verið nýtt

		<i>sem svæði fyrir blágrænar ofanvatnslausnir. Með því móti minnkar álag á fráveitukerfi í mikilli vætutíð þar sem ofanvatni er veitt á náttúrulegan hátt í jarðveginn. Þessi lausn stuðlar jafnframt að auknu öryggi vegfarenda og vistvænna og heilnæmara umhverfi.“</i> 3. Tekið er til skoðunar að hliðra stofnstíg á stuttum kafla þannig að stígurinn haldi áfram eftir Hafnarstræti frá gatnamótum við Aðalstræti og tengist því með betra flæði við Aðalstræti. Stofnstígur um Lækjargötu þverar þá Aðalstræti og tengist stofnstígnum við Hafnarstræti um Breiðagang milli Aðalstrætis 5 og 7 og Hafnarstrætis 13 og Laxdalshús. Þannig myndast krappar beygjur á stofnstíg um Lækjargötu. En þetta er liður í að styrkja enn frekar flæði um stofnleiðina sem liggur frá norðri til suðurs í gegnum Akureyri. 4. a. Starfsmenn Akureyrarbæjar hafa lagt mikla vinnu við skipulag stígakerfisins í gegnum tíðina þó að það skipulag hafi aldrei tekið formlegt gildi. Stefna bæjarins síðustu ár hefur verið að byggja upp breiða stíga til að rúma bæði hjólreiðar og gangandi umferð. b. Bls. 52: „<i>Ekki er gert ráð fyrir að stofnleiðir hjólreiða verði í bland við bilaumferð en í götum þar sem hámarkshraði er 30 km/klst má hjólreiðamaður hjóla á miðri akrein enda gæti hann fyllsta öryggis.</i>“ Þetta er í samræmi við umferðarlög. c. Í skipulaginu er fjallað um uppbyggingu stofnstíga eftir mismunandi gerðum og eru þeir flokkaðir sem A, B og C gerðir stíga eða allt frá blandaðri umferð gangandi og hjólandi vegfarenda og í aðskildar göngu- og hjólaleiðir. Bls. 51: „<i>Stefna Akureyrarbæjar er að byggja núverandi kerfi blandaðra stíga á þann hátt að þeir henti sífellt betur fyrir umferð hjóla. Fyrst í stað byggist umferðin á góðri sambúð gangandi og hjólandi vegfarenda þar sem almennur hægri réttur gildir en með tímanum og með nýjum stígum fjölgar þeim hjólaleiðum sem eru aðskildar frá annarri umferð.</i>“ Samkvæmt umferðarlögum eru gangandi vegfarendur þó ætíð í rétti á blönduðum stígum og hjólreiðamenn þurfa að sýna fulla tillitssemi. Umferð á stígum er í samræmi við reglur umferðarlaga. d. Umfjöllunin í greinargerðinni gerir e.t.v. ekki nægilega grein fyrir því markmiði stígaskipulagsins að skilja að hjólreiðafólk
--	--	---

		og gangandi vegfarendur að eins miklu leiti og því verður viðkomið. Framtíðarsýnin er sú að meðfram öllum stofnbrautum og víðar verði sérstakir hjólastígar eingöngu ætlaðir hjólréiðafólki, eins og það er skilgreint. Þessi uppbygging mun þó taka tíma og byggjast fyrst upp þar sem umferð er mest og þar sem ráðist er í nýframkvæmdir. Mikilvægt er að skipulagið taki engu að síður strax gildi og núverandi kerfi aðlagað að hjólréiðum með fjölmörgum minniháttar framkvæmdum. Aðalskipulag er mikilvægasta verkfæri bæjarstjórnar því þar er sett fram stefna um samfélagið, uppbyggingu og þróun til framtíðar. Það skapar því sterkan grunn fyrir uppbyggingu stígakerfisins að það byggji á gildandi stefnum aðalskipulags. Uppbygging á öflugu stígakerfi veltur á því að allar ákvarðanir miði að sömu langtímasjónarmiðum. Bls. 20: „<i>Mikilvægt er að stofnstígakerfið verði byggt upp samkvæmt framkvæmdaáætlun um stígakerfi Akureyrar eins og hún er samþykkt af bæjarstjórn hverju sinni. Framkvæmdaáætlun skal byggð á aðalskipulagi Akureyrar.</i>“ Bls. 62: „<i>Heildarskipulag stígakerfisins tekur strax gildi á þeim stígum sem fyrir eru og með tímanum mun kerfið byggjast upp sem net sjálfstæðra göngu- og hjólaleiða sem tengist helstu stofnunum, skólum, verslunum og annarri þjónustu. Öll vinna við skipulag og framkvæmd stofnstíga, megin útivistar- og reiðstíga skal unnin í samræmi við stefnu aðalskipulags.</i>“ e. Bls. 22: „<i>Gert er ráð fyrir auknum aðskilnaði gangandi og hjólandi umferðar með uppbyggingu á nýjum stofnstígum og endurbótum á þeim sem fyrir eru.</i>“ Í aðalskipulagsbreytingunni er fjallað um uppbyggingu stofnstíga og sett fram almenn hönnunarviðmið. Ítarlegri útfærslur verða ákvarðaðar við deiliskipulagsgerð og í verkhönnun. Hönnunarleiðbeiningar SSH hafa verið til hliðsjónar og þau hönnunarviðmið sem koma fram í stígaskipulagi Akureyrar eru að mestu leyti byggð á fyrrnefndum hönnunarleiðbeiningum. Hönnunarleiðbeiningar SSH eru þó enn í mótun og eru þær gefnar út með fyrirvara um frekari breytingar og uppfærslur. Einnig er skipulagið byggt á
--	--	--

		hönnunarleiðbeiningum og viðmiðum frá nágrannalöndum okkar og hönnunarviðmiðum frá Vegagerðinni. f. Í skipulaginu segir á bls. 33 að uppbygging útivistarstígsins getur átt sér stað í nokkrum áföngum og yfir langt tímabil. g. Samkvæmt leiðbeiningarriti Vegagerðarinnar og Landssambands hestamannafélaga er öll hestaumferð leyfð á stofnleiðum milli sveitarfélaga, allt frá einstaklingsumferð upp í stóra hópa með rekstur lausra hrossa. Á þéttbýlisleiðum í næsta nágrenni við þéttbýli, þar sem búast má við mikilli hestaumferð og á milli hesthúsahverfa er rekstur lausra hrossa bannaður. Þessi mál verða skoðuð betur síðar. Texti í greinargerð verður uppfærður um bætt öryggi við stígamót útivistarstíga og reiðstíga m.a. með skiltum og öðrum útfærslum. h. Vísað í lið C. i. Stofnstígar eru megin samgönguæðar í þéttbýlinu fyrir gangandi vegfarendur og hjólandi. Bls. 20: „<i>þeim er ætlað að safna til sín fólki og tengja saman mannlíf bæjarins. Stofnstígar liggja um helstu þjónustukjarna og skóla og er ætlað að tengja saman hverfi og sveitarfélög.</i>“ Bls 42: „<i>Stígakerfið þarf að vera skilvirkt, öruggt og aðlaðandi svo það verði raunhæfur valkostur fyrir íbúa.</i>“ 5. Vísað í svar við lið 2. 6. a. Vísað í svar við lið 4b. b. Vísað í svar við lið 4d. c. Stígaskipulagið gerir ráð fyrir notendum af öllum aldurshópum og mismunandi getustigi og því er ekki gert ráð fyrir að byggja upp hjólaleiðir fyrir almenning á umferðargötum. Bls. 53: „<i>Mikilvægt er að allir eigi jafnt aðgengi og rétt á að nota stígana og gera þarf ráð fyrir notendum af öllum aldurshópum og mismunandi getustigi. Byggja skal upp skilvirkar, öruggar og aðlaðandi hjólaleiðir sem fjölbreyttur hópur notenda getur hjólað um þ.e. almennir bæjarbúar, börn á leið í skóla og frístundastarf og fólk á öllum aldri í allskyns líkamlegu formi. Hjólastígarnir henta síður fyrir þá notendur sem vilja fara mjög hratt yfir en sú umferð á líklega betur heima með öðrum ökutækjum á akbrautum.</i>“ d. Stígaskipulagið gerir ráð fyrir áningarstöðum á bröttum leiðum. Bls. 53: „<i>Stefnt er að því</i>
--	--	--

		<i>að minnka halla á bröttustu hjólaleiðum innanbæjar úr 12% halla niður í um 8% með breyttum leiðum og útfærslum. Hjólastígar í bröttum brekkum skulu vera breiðir og með áningarstöðum á miðri leið til að auðvelda ferð hjólréiðafólks upp brattann.“</i> Bls. 53: „Skipulag hjólaleiða á Akureyri þarf að taka mið af því landslagi, umhverfi og verðufari sem einkennir bæjarfélagið.“ a. Þakkað er fyrir ábendinguna. Orðalagi í greinargerð verður breytt í samræmi við hana.
6.	1. Þakkar fyrir stíg að Rangárvöllum og að hann verði í forgangi á veturna.	1. Þakkað er fyrir ábendinguna.
7.	1. Bendir á skiptingu stíga í greinargerð í samanburði við umferðarlög. 2. Nauðsynlegt er að sýna hvar ætlun er að hafa hjólastíga. 3. Horfa þarf til vindrósar Akureyrar við hönnun og útfærslu stíga. 4. Uppfylla stofnstígarnir markmið stígaskipulagsins um að liggja nærri skólum?	1. Í skipulaginu er fjallað um uppbyggingu stofnstíga eftir mismunandi gerðum og eru þeir flokkaðir sem A, B og C gerðir stíga eða allt frá blandaðri umferð gangandi og hjólandi vegfarenda og í aðskildar göngu- og hjólaleiðir. Á stofnstíg af B gerð er göngu- og hjólahluti stígsins aðgreindur með a.m.k. 10 cm breiðri málaðri línu með vegrífllum. Skilti við stígana sýna hvernig stíg er um að ræða. Hjólandi umferð ber skylda samkvæmt lögum að víkja fyrir gangandi fólki á blönduðum stíg. Þar sem sérstakur hjólastígur er ekki til staðar ber hjólafólki að fara um stígana á forsendum gangandi. 2. Hjólastígar eiga að vera að lágmarki allstaðar þar sem stofnstígar liggja, byggðir upp með A,B eða C gerð. Í dag er stígakerfið blandað kerfi en mun byggjast upp í aðgreindar göngu- og hjólaleiðir í samræmi við nýframkvæmdir og eftir aðstæðum hverju sinni. Bls. 51: „<i>Stefna Akureyrarbæjar er að byggja núverandi kerfi blandaðra stíga á þann hátt að þeir henti sífellt betur fyrir umferð hjóla. Fyrst í stað byggist umferðin á góðri sambúð gangandi og hjólandi vegfarenda þar sem almennur hægri réttur gildir en með tímanum og með nýjum stígum fjölga þeim hjólaleiðum sem eru aðskildar frá annarri umferð.</i>“ Samkvæmt umferðarlögum eru gangandi vegfarendur þó ætíð í rétti á blönduðum stígum og hjólréiðamenn þurfa að sýna fulla tillitssemi. Umferð á stígum er í samræmi við reglur umferðarlaga. Bls. 62: „<i>Heildarskipulag stígakerfisins tekur strax gildi á þeim stígum sem fyrir eru og með tímanum mun kerfið byggjast upp sem net sjálfstæðra göngu- og hjólaleiða sem tengist helstu stofnunum, skólum, verslunum og annarri þjónustu. Öll vinna við skipulag og framkvæmd stofnstíga, megin útivistar- og reiðstíga skal unnin í samræmi við stefnu aðalskipulags.</i>“ 3. Þakkað er fyrir ábendinguna. Það er rétt að mjög mikilvægt er að hanna stíga með skjól í huga enda

		eru notendur stíganna berskjaldaðari fyrir veðrabrigðum en fólk í bifreiðum. Við hönnun og útfærslu á stígum verður tekið mið af því landslagi, umhverfi og veðurfari sem einkennir bæjarfélagið. Á bls. 42 segir „<i>Mikilvægt er að stígar séu greiðfærir og umhverfi þeirra veiti skjól fyrir ýmsum veðuraðstæðum, svifryki og umferðarhávaða.</i>“ Á bls. 53 segir m.a. „<i>Hjólaleiðir þurfa að vera fjölbreyttar, áhugaverðar og skjólsælar og liggja með rökréttum hætti um helstu áfangastaði bæjarins.</i>“ 4. Það er rétt ábending að við nokkra skóla eru stofnstígar staðsettir fjær á nýju skipulagi en á gildandi skipulagi. Ástæða er helst sú að á nýju skipulagi er gert ráð fyrir að stofnstígar hafi meiri uppbyggingu og þjónustu en á eldra skipulagi og veiti því almennt betra aðgengi allt árið. Frá þeim stofnstígum sem liggja ekki alveg upp að skólalóðum er gert ráð fyrir öruggum og vel uppbyggðum tengistígum. Þeir tengistígar eiga að hafa sömu uppbyggingu og þjónustu stofnstígarnir. Varðandi íþróttasvæði Þór og KA þá verður aðgengi að Boganum stórbætt með nýjum stofnstíg upp Skarðshlíðina og stofnstígur liggur áfram þétt upp við KA svæðið. Farið verður betur yfir þessar tengingar áður en skipulagið er auglýst.
8.	Kom til greina að leggja hjólastígakerfi á núverandi götum með merkingum ofl í stað þess að leggja nýja stíga?	Stígaskipulagið gerir ráð fyrir notendum af öllum aldurshópum og mismunandi getustigi og því er ekki gert ráð fyrir að byggja upp hjólaleiðir fyrir almenning á umferðargötum. Íbúum er frjálst að hjóla á götunum með öðrum ökutækjum án þess að byggja þurfi upp kerfi sérstakra hjólareina, hjólaboxa, eða hjólavísa. Barn yngra en níu ára má þó ekki hjóla á akbraut nema undir leiðsögn og eftirliti manns sem náð hefur 15 ára aldri. Í leiðbeiningum Samgöngustofu segir m.a. að „hjólandi vegfarendur hafa fullan rétt á því að vera á akbrautum. Ekki er þó mælt með því að hjólað sé á akbrautum með mikilli og hraðri umferð“. Á bls. 53 í greinargerðinni segir „<i>Hjólavísar og hjólareinar eru einnig algengar útfærslur en merkingar á malbiki henta síður á götum Akureyrar yfir vetrartímann</i>“. Hins vegar verður bætt við texta í greinargerð að möguleiki sé á að útbúa hjólareinar á ákveðnum götum þar sem umferð er hæg eða lítil eða sem tímabundna lausn þar til búið er að framkvæma nýja stíga.
9.	Spurningar af facebook 1. Vill benda fólki á að nota bjölluna sem eiga að vera á öllum hjólum. 2. Bendir á að malbik fari ekki vel með fætur og ekki ætti að malbika alla stíga. 3. Telur að vanti samfelldar leiðir án þess að þurfa að krossa götur. 4. Sleppa malbikuðum stígum og hafa þá frekar malarstíga. 5. Hreinsa snjó af stígum áður en göturnar eru hreinsaðar.	1. Þakkað er fyrir ábendinguna. 2 og 4. Í stígaskipulaginu eru skilgreindir útivistarstígar sem eru ólíkir að gerð en yfirborðsefni þeirra veltur á notkun stíganna og umhverfi þeirra. Dæmi um yfirborðsefni eru malbik, möl, timburklæðning og trjáskurl. 3 Skilgreindur er stofnstígur sem liggur frá norðri til suðurs í gegnum Akureyri og tengist nærliggjandi sveitarfélögum. Leiðin þverar aldrei þjóðveg nema austur Leiruveg. Um gatnamót við stofn- og tengibrautir segir í skipulaginu á bls 44: „<i>Par sem</i>

		stofnstígar þvera stofn- og tengibrautir, eða þar sem óvarðir vegfarendur þurfa að fara yfir tvær eða fleiri akreinar úr sömu átt skal gera ráð fyrir gangbrautarljósum, draga úr hraða bifreiða og þrengja að þeim með öðrum hætti. Þar sem þessum aðgerðum er ekki við komið þarf að gera ráð fyrir vel upplýstum og breiðum undirgöngum. Ef ekki er hægt að koma fyrir undirgöngum er göngu- og hjólabrú síðasti kostur. Þó skal ávallt fyrst kanna þá leið að láta bifreiðar fara um undirgöng eða yfir brýr en láta gangandi vegfarendum eftir að ferðast um á jafnsléttu í stað þess að þurfa að leggja krók á leið sína til að greiða fyrir umferð bifreiða.“ 5. Fjallað er um þjónustu stígakerfisins á bls 24 og 60-61 í greinargerð stígaskipulagsins: „Stofnstígar eru í forgangi þegar kemur að þjónustu en hún þarf að vera sambærileg og þjónusta við stofn- og tengibrautir. Stofnstígarnir eiga að tryggja að lágmarki eina greiðfæra leið úr hverju hverfi allan ársins hring.“
10.	1. Hefur áhyggjur af fólki sem notar stíga vegna lélegra loftgæða á Akureyri. 2. Hægt væri að planta trjám milli götu og stíga þar sem hægt er að koma því fyrir. 3. Bendir á grein um tré sem henta vel.	1-3 Tekið er undir ábendinguna varðandi loftgæði enda er eitt af markmiðum stígaskipulagsins að bæta umhverfi við stíga. Bls 42: „Mikilvægt er að stígar séu greiðfærir og umhverfi þeirra veiti skjól fyrir ýmsum veðuraðstæðum, svifryki og umferðarhávaða.“. Bls 45 „Fylgjast skal vel með hljóðvist og loftgæðum við helstu umferðaræðar til að tryggja vellíðan notenda stíganna“. Í skipulaginu er gert ráð fyrir að nýta svæði milli gatna og stíga fyrir ofanvatnslausnir með gróðri. Bls. 45: „Þar sem stígar liggja nærri umferðarmiklum götum þarf því að athuga hvort hægt sé að færa þá fjærri akbrautum og skapa þannig um leið svæði fyrir ofanvatnslausnir milli stígs og götu.“ Bls 28: „Þar sem C gerð stofnstíga liggja um opin svæði er æskilegt að aðskilja göngu- og hjólaleiðir með gróðri og náttúrulegu umhverfi. Ljóst er að ekki er allsstaðar rými fyrir slíka útfærslu en þá skal aðlaga stígana að nærumhverfinu. Við umferðarþungar götur skal aðskilja stofnstíga frá akbrautum með 2-6 m breiðum gróðurbeltum til að auka öryggi og upplifun vegfarenda. Gróðurbeltin munu veita ofanvatni á náttúrulegan hátt niður í jarðvegin og minnka þannig álag á fráveitukerfum í vætutíð. Ráðlagt er að gróðursetja fjölærum plöntum sem þola snjóþunga en þær leggjast í dvala yfir veturinn og því munu svæðin jafnframt nýtast sem snjósöfnunarsvæði á veturna.“ Bætt verður við texta í greinargerð um mikilvægi þess að planta trjám milli götu og stíga þar sem hægt er að koma því fyrir.
11.	1. Gangstétt í Skógalundi er mjög mikið sóttur en malbik þar mjög illa farið. 2. Bílstjórar virða ekki 30 km hámarkshraða í Skógarlundi, en hægt væri að breikka þar göngu og hjólastíga.	1-4 Í skipulaginu er skilgreindur tengistígur um Skógarlund sem tengist stofnstígum við Þingvallastræti, Dalsbraut og Miðhúsabaut. Tekið er undir ábendinguna varðandi loftgæði enda er eitt af markmiðum skipulagsins að bæta umhverfi við stíga en eins og segir á bls. 42 er mikilvægt að stígar séu greiðfærir og umhverfi

	3. Af hverju er Skógarlundur ekki hluti af stígakerfinu? 4. Mikið svifryk er í Skógarlundinum.	þeirra veiti skjól fyrir ýmsum veðuraðstæðum, svifryki og umferðarhávaða. Bls 45: „Fylgjast skal vel með hljóðvist og loftgæðum við helstu umferðaræðar til að tryggja vellíðan notenda stíganna“.
12.	1. Myndi vilja sjá fleiri stíga færða frá umferðarþungum götum. 2. Lítið er fjallað um gatnamót stíga eða stíga með ólíkri umferð. 3. Tímabært að úrskurða um hvernig gatnamótum milli reið- og útivistarstíga skal háttað. 4. Telur að ekki sé rétt að breyta leið frá Fálkafellsvegi niður í Naustaborgir í reiðleið. 5. Spyr hvort aðeins hestamenn hafi fengið kynningu og samráð. Veita bæði UFA og HFA tækifæri. 6. Spyr hvort Akureyrarbær muni koma upp stofnstíg sem bætt er við austan Miðhúsabratar.	1. Þakkað er fyrir ábendinguna. Þessar leiðir sem bent er á hafa verið skoðaðar í gegnum skipulagsferlið. Gert er ráð fyrir góðum tengistígum á umræddum leiðum en tengistígar geta verið eins uppbyggðir og stofnstígar eftir aðstæðum. Ákveðið var að fylgja legu stofn- og tengibrauta í grófum dráttum til að styrkja skilvirkar leiðir stofnstíga en þar sem rými gefst til verða stofnstígar færðir fjær akbrautum og þannig verða til svæði fyrir ofanvatnslausnir með gróðurbeltum til að auka öryggi og upplifun vegfarenda. 2. Fjallað er um gatnamót stíga m.a. í kaflanum um öruggar leiðir stígakerfisins á blaðsíðu 44.: „<i>Þar sem stofnstígar þvera stofn- og tengibrautir, eða þar sem óvarðir vegfarendur þurfa að fara yfir tvær eða fleiri akreinar úr sömu átt skal gera ráð fyrir gangbrautarljósum, draga úr hraða bifreiða og þrengja að þeim með öðrum hætti. Þar sem þessum aðgerðum er ekki við komið þarf að gera ráð fyrir vel upplýstum og breiðum undirgöngum. Ef ekki er hægt að koma fyrir undirgöngum er göngu- og hjólabrú síðasti kostur. Þó skal ávallt fyrst kanna þá leið að láta bifreiðar fara um undirgöng eða yfir brýr en láta gangandi vegfarendum eftir að ferðast um á jafnsléttu í stað þess að þurfa að leggja krók á leið sína til að greiða fyrir umferð bifreiða. Þar sem er 30 km/klst hámarkshraði bifreiða á að leitast við að hafa göngu- og hjólaleiðir án hæðarbreytinga yfir gatnamót þ.e. upphækkaðar gagnvart akbrautum. Þá eiga gangandi og hjólandi vegfarendur að hafa forgang gagnvart innkeyrslum.</i>“ 3. Í skipulaginu er stefnt að fullum aðskilnaði hestaumferðar á reiðstígum frá umferð gangandi og hjólandi vegfarenda á útivistarstígum til að styrkja öryggi allra. Tekið verður til skoðunar að uppfæra texta í greinargerð um bætt öryggi við stígamót útivistarstíga og reiðstíga með skiltum og öðrum útfærslum. 4. Núgildandi skipulag gerir ráð fyrir útivistarstíg og reiðstíg á þessari leið. Gert er ráð fyrir að núverandi skipulagi verði ekki breytt á þessari leið nema á þann hátt að gera ráð fyrir tveimur stígum, annar fyrir útivistarfolk en hinn fyrir reiðmenn. 5. Mikilvægt er að hafa samráð við sem flesta hópa íbúa því það styrkir skipulagið og fækkar árekstrum ólíkra hagsmunahópa. Ekki hafa verið haldnir formlegir samráðsfundir með hagsmunahópum en skipulagslýsing og drög að tillögu voru aðgengileg öllum til kynningar á heimasíðu Akureyrarbæjar yfir

		kynningartíma. Í ljósi aðstæðna var tillagan ekki kynnt á sérstökum kynningarfundi heldur á heimasíðu og samfélagsmiðlum Akureyrarbæjar þann 29. apríl 2020 þar sem skipulagsgögn voru aðgengileg. Íbúum og hagsmunaaðilum gafst tækifæri til að senda inn spurningar til skipulagssviðs til 20. maí. Kynningin var í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Eftir frekari skipulagsmeðferð og umræðu hjá bæjarstjórn verður tillagan auglýst að nýju í sex vikur í samræmi við skipulagslög og þá gefst íbúum og hagsmunaaðilum tækifæri til að skila inn athugasemdum. 6. Í aðalskipulagi er sett fram stefna um samfélagið, uppbyggingu og þróun til framtíðar en skipulagstímabil aðalskipulagsins er til ársins 2030. Í stígaskipulaginu er skilgreindur stofnstígur meðfram Miðhúsabraut en stofnstígakerfið verður byggt upp samkvæmt framkvæmdaáætlun um stígakerfi Akureyrar eins og hún er samþykkt af bæjarstjórn hverju sinni en áætlunin er byggð á aðalskipulagi.
13.	1. Spyr hvort gera eigi nýjan stíg frá Hagahverfi út í Kjarnaskóg eða hvort notast eigi við brotalínuna eins og gert er í dag.	1. Í skipulaginu er skilgreindur stofnstígur frá Naustahverfi/Hagahverfi út í Kjarnaskóg. Þar með styrkist tenging fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur frá íbúðarhverfum að útivistarsvæðum. Í skipulaginu er fjallað um uppbyggingu stofnstíga eftir mismunandi gerðum og eru þeir flokkaðir sem A, B og C gerðir stíga eða allt frá blandaðri umferð gangandi og hjólandi vegfarenda og í aðskildar göngu- og hjólaleiðir.
14.	1. Spyr af hverju gönguleiðin frá Hofi að Miðbær sé ekki lagfærð, ekki sé hægt að ganga fram hjá BSO nema fara út á götu. Mikið sé um að börn fari þessa leið úr Hofi og í strætó.	1. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi miðbæjar Akureyrar er gert ráð fyrir rúmgóðri gönguleið frá miðbænum að Hofi.